

SKÁTARNIR

-allt í hnút

7
KAFLI
HLUTVERK
SKÁTAFORINGJA

Skátaforingjar

- Út fyrir hefðbundna sýn okkar á sveitarforingja
- Hvernig eru sveitarforingjarnir sem við þörfnumst?
- Hlutverk sveitarforingja og sjálfstæði skátaflokka sveitarinnar
- Sveitarforingjarnir móta skátasveitina
- Sveitarforingjar gæta hugsjónarinnar sem felst í markmiðum skátafreyfingarinnar
- Sveitarforingjar vísa leiðina að framtíðarsýninni
- Sveitarforingjar hvetja
- Verkefni sveitarforingja er að hvetja skátana til dáða
- Sveitarforingjar gegna uppeldis-hlutverki



Sveitarforingjar sem leiðbeinendur

- Nokkur frumskilyrði
- Að þekkja unglíngana
- Að vera fær um að stofna til tilfinningasambanda
- Að vera fús til að læra og þroskast sem manneskja
- Að vita hvernig á að stjórna verkefnum og meta þau
- Að hjálpa öðrum að vaxa og þroskast
- Að tengjast og taka þátt í samfélaginu
- Að vinna sem liðsheild
- Að gefa sér tíma
- Að skynja áhættu og stýra forvörnum
- Að gæta vel að persónuverndar-sjónarmiðum
- Að vernda börn og ungmenni fyrir hvers kyns ofbeldi, einelti eða misbeitingu valds

SKÁTAFORINGJAR

Út fyrir hefðbundna sýn okkar á sveitarforingja

Til þess að táknræna umgjörðin, flokkakerfið, sveitarstarfið, markmiðin, verkefnin, dagskráringurinn og önnur atriði sem fjallað er um í þessari handbók virki sem best, þarfnast hreyfingin fullorðinna skátaforingja sem eru færir um að koma öllu þessu í framkvæmd og nota sköpunargáfunu til þess að hleypa lífi í skátastarfið.

Til að fá slíka foringja til liðs við okkur þurfum við að hugsa út fyrir rammann og þær hefðbundnu hugmyndir sem við höfum um leiðtoga.

Þegar við finnum ekki draumaforingja meðal þeirra sem tiltækir eru í starfið, föllum við oft í þann pytt að veita foringjunum mikið aðhald og setja alls konar reglur um starf þeirra. Með því tökum við þá áhættu að skapa aðallega „dagskrárstjórnendur“ sem fylgja hefðbundnu skipulagi og skortir alla sköpunargáfu. Þetta dregur foringjana niður á lægra plan og gerir þá háða leiðbeiningum, dregur úr þýðingu og spennu dagskrárinnar og þreytir jafnvel bestu og áhugasömustu foringjana.



Hvernig eru sveitarforingjarnir sem við þörfnumst?

Þeir eru einfaldlega viljugt fullorðið fólk, karlar og konur á mismunandi aldri sem er þroskað og í góðu jafnvægi og þekkir skátastarfið nógu vel til að njóta þess að hafa frjálsar hendur með að innleiða nýjungar – fólk sem:

- Getur sameinast um framtíðarverkefni.
- Getur hvatt aðra til dáða og skapar framtíðarsýn.
- Gerir sér grein fyrir því að það ber ábyrgð á uppeldisverkefnum sem gagnast unglungunum og hjálpa foringjunum sjálfum að þroskast sem einstaklingar.



Hlutverk sveitarfóringja og sjálfstæði skátaflokka sveitarinnar




Eitt mikilvægasta og mest gefandi hlutverk sveitarfóringja dreka-, fálka- og dróttskáta snýr að samsetningu og sjálfstæði hópa eða flokka skátasveitarinnar. Hlutverk sveitarfóringjans er mjög ólíkt eftir aldurstigum skátasveitanna en alltaf jafn mikilvægt.

Í dróttskáta- og fálkaskátasveitunum hafa skátarnir þroska og getu til að mynda óformlega hópa, en í drekkaskátastarfi hafa börn ekki þann þroska. Drekkaskátar eru því ófærir um að mynda óformlega hópa og þess vegna er flokkakerfið sem slíkt ekki hluti af skátaaðferðinni í drekkaskátastarfi.

Þroski barna til að mynda félagsleg tengsl og skuldbindingar sem einkenna *óformlega hópa* er einfaldlega ekki fyrir hendi hjá börnum á aldrinum sjö til níu ára. Hóparnir sem við myndum í drekkaskátasveitinni eru því tilfallandi vinnuhópar sem myndaðir eru vegna verkefna eða vinnu að tímabundnum viðfangsefnum. Vinna ungra drekkaskáta í hópum þroskar hæfileikar þeirra til samvinnu. Hópaþvinna þeirra hefur því þann mikilvæga tilgang að búa til farveg fyrir myndun óformlegra hópa í fálkaskátastarfinu, myndun vinnahópa jafningja – „*alvöru skátaflokka*“.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig gert er ráð fyrir að sjálfstæði drekkaskátahópsins og skátaflokksins aukist með hverju árinu á sama tíma og dregur úr íhlutun sveitarfóringja í flokksstarfið.



Hlutverk sveitarforingja er mismunandi á milli aldurstiga.

- Í drekaskátasveitinni er megináherslan lögð á að börnin kynnist sem flestum og myndi vináttusamband við jafnaldra í skátasveitinni. Jákvæð kynni efla sjálfstraust, þannig að í lok drekaskátastarfsins hafa myndast vísar að traustum vinahópum. Hver hópur getur myndað framtíðar skátaflokk í fálkaskátasveit, með þeim eiginleikum sem einkenna óformlega hópa sem mynda jákvæðan lærdómsvettvang ungmenna. Með skátaaðferðina að vopni og vænan skammt af alúð og þolinmæði er þetta mikilvæga hlutverk sveitarforingjanna bæði vandasöm og gefandi áskorun.
- Í fálkaskátasveitinni er megináherslan lögð á að þjálfa skátana í flokkunum í samvinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum. Að veita þeim hvatningu og leiðsögn til síaukins sjálfstæðis og frumkvæðis í flokksstarfinu. Skátaaðferðin og dagskrárhringurinn eru sveitarforingjanum ómetanlegir leiðarvísar í þessum mikilvæga leiðangri. Lánist skátaforingjum fálkaskátasveita að setja sig í uppeldishlutverk stóru systur og stóra bróður eins og Baden–Powell orðaði það og vinna með skátunum og skátaflokkunum að myndun samstæðra og sjálfstæðra skátaflokka á þessu mikilvæga mótunartímabili þá hefur mjög mikið áunnist við að gera skátana að sjálfstæðum, virkum og ábyrgum einstaklingum sem geta nýtt sér uppeldisaðferðir og gildi skátahreyfingarinnar til áframhaldandi þroska.
- Í dróttskátasveitinni er megináherslan á ört vaxandi sjálfstæði skátaflokksins. Sveitarforinginn þarf við undirbúning hvers dagskrárhings og hvert inngríp í starf skátaflokka að leiða hugann að því hvernig efla megi skátaflokkinn, auka sjálfstæði hans og frumkvæði. Hlutverk sveitarforingjans er að leiðbeina í gegnum sveitarráðið, styðja þegar þörf er fyrir stuðning, hvetja þegar hvatningar er þörf og hrósa þegar samhentur flokkurinn leggur sig allan fram við vinnu að verkefnum sem hann valdi, undirbjó og framkvæmdi í sameiningu. Það er ekki hlutverk sveitarforingjanna að mynda öflug keppnislið ungmenna sem rúlla jafnöldrum sínum upp í tilgangslitlum flokkakeppnum um hæfnisþætti sem fyrirfram eru skilgreindir af foringjaflokki, sveitarráði, BÍF eða öðrum utanaðakomandi aðilum. Eins áhugaverð og slík keppni getur verið hentar sú nálgun í besta falli sumum, oftast mjög fáum, og getur beinlínis unnið gegn því sem við viljum stuðla að með flokkakerfinu og flokknum sem lærdómsvettvangi.



Hlutverk sveitarforingja gagnvart flokkunum í dróttskáta- og fálkaskátasveitunum og hópunum í drekaskátasveitinni er því mismunandi, en alltaf mikilvægt. Það er jafnframt frábrugðið hlutverki sveitarforingjanna sem umsjónarforingja hvers einstaks skáta í vinnu hans að áfangamarkmiðum sínum og persónulegum áskorunum. Í þeirri vinnu þarf hvert barn og ungmenni að finna fyrir viðvarandi stuðningi og nálægð fullorðins skátaforingja í skátastarfinu.

Sveitarforingjarnir móta skátasveitina

Hvað er átt við með að „móta“ skátasveitina?

Skátaaðferðin er ekki flæðirit með boxum og örvum. Hún er ekki eins og leiðarvísir fyrir sjálfvirka þvottavél með innbyggðum kerfum, sem sýnir hvaða takka á að ýta á til að velja þvottakerfið sem við viljum. Skátaaðferðin inniheldur fjölmargar hvetjandi vinnu-reglur og nytsamlegar aðferðir er saman mynda eina heild sem er aðlöguð og fléttuð inn í daglegt starf skátasveitarinnar. Slíkt er gert með því að taka tillit til þess umhverfis sem sveitin býr við og einstaklinganna sem í henni starfa.

Mikilvægast í uppbyggingarferlinu er að átta sig á hvernig hugmyndir passa saman svo þær virki sem ein heild við ákveðnar aðstæður. Þetta er í eðli sínu samþættingar-verkefni og tilgangur þess er að fá alla verkþætti til að virka vel í framkvæmd. Það kallar á þekkingu, hugmyndaflug og svolítið áræði.



Bíll sem búinn er bestu vélinni, bestu girunum og bestu sætunum en er ekki nógu stöðugur til að aka í hálfu er ekki vel hannaður. Skátasveitina þarf að byggja þannig upp að hún virki eins og bíll sem vinnur vel í hálfu, á blautum vegum eða bugðóttum, í lausamöl eða í mikilli umferð.

Vopnaðir góðri þekkingu á skátaaðferðinni og hvernig hún virkar, þurfa sveitarforingjar að nota ímyndunaraflið og beita skátaaðferðinni þannig að hún nýtist í starfi.

Engar tvennar aðstæður og engar tvær skátasveitir eru nákvæmlega eins. Þess vegna getum við ekki ætlast til þess að fá uppskrift að tafarlausri velgengni eða töfraformúlu frá fólki sem þekkir ekki aðstæður okkar. Sú uppskrift sem býr yfir mestu töfrunum af þeim öllum og er best fyrir skátasveitina er sú sem foringinn býr til sjálfur og byggð er á þekkingu hans og reynslu.

Hvaða verkefni felast í uppbyggingu skátasveitarinnar?

Ómögulegt er að útbúa tæmandi lista því veruleikinn mætir okkur sífellt með nýjum áskorunum. Við getum samt sem áður sett fram nokkur dæmi sem varpa betra ljósi á þetta fyrsta verkefni sveitarforingjans.

- Uppbygging skátasveitar felur meðal annars í sér hvatninga- og breytingaferli. Í lítilli og nýstofnaðri sveit er ekki endilega forgangsatriði að tryggja að sérhver þáttur skátaaðferðarinnar virki til fulls. Hægt er að styrkja þættina smám saman um leið og sveitin stækkar. Mikilvægt er þó að tryggja að flokkakerfið virki vel frá upphafi, að móta „menningu“ sem virðir sjálfstæði flokkanna. Í rótgrónari og fjölmennari sveitum, sem foringjarnir átta sig allt í einu á að hafa alltaf virkað eins og einn stór flokkur, verður að vinna yfirvegað að því að koma flokkakerfinu á, annars getur „sjokkið“ ógnað stöðugleikanum. Engin handbók getur sagt okkur hvernig þetta skuli framkvæmt en þetta er ferli sem foring með framtíðarsýn þarf að stjórna.

- Uppbygging þýðir að við aðlögunum væntingar okkar að þeim félagslegu-, fjárhagslegu- og menningarlegu aðstæðum sem við búum við. Ekki er hægt að ætlast til þess að stjórnendur í fámennu og fjárvana byggðarlagi geti útvegað fundarstað fyrir skátasveitir og flokka um leið og starfið hefst, jafnvel þó að fundarstaðurinn sé mikilvægur hluti af sjálfsmynd flokksins. Það er nauðsynlegt að finna leiðir til að skapa traust í samfélaginu og láta sér detta í hug aðrar lausnir.
- Uppbygging sveitar felur meðal annars í sér að koma auga á smáatriði sem geta skýrt ýmsar aðstæður. Sem dæmi má nefna að sveitarforingja, sem kvartar yfir samkeppni við íþróttafélagið í hverfinu gæti hafa yfirsést að hann skipulagði flestar ferðir sveitarinnar á nákvæmlega sömu dögum og íþróttafélagið var með sína stærstu viðburði.
- Uppbygging snýst um að meta þátttakendur og þarfir í hverju tilviki fyrir sig og sýna þá útsjónarsemi sem hentar stað og stund.
- Uppbygging felur í sér að skipuleggja lærdómsferli fyrir flokksforingjana, að laga ferlið að aðstæðum þeirra og hjálpa þeim að læra að takast á við erfiðar aðstæður á árangursríkan hátt. Sé það ekki gert, gera foringjarnir skátana ósjálfstæða og þurfa sjálfir að vinna öll verkefni sem skátunum er ætlað leysa í lærdómsferlinu. Handbækur og námskeið koma ekki í staðinn fyrir það sem felst í að byggja upp nýja skátasveit. Sama hversu góð þau eru geta þau ekki tekið sérþarfir hvers einasta flokksforingja í hverri sveit með í reikninginn
- Uppbygging krefst þess að sveitarforingi hugi vel að og leiði þær breytingar sem hugsanleg ákvörðun skátaflokks um blandað eða kynjaskipt starf hefur í för með sér og sjái fyrir áhrifin af slíkri ákvörðun. Hann eða hún þarf einnig að hafa stjórn á því ójafnvægi sem oft kemur upp þegar breytingar verða á flokkum, hvort sem það er þegar nýir meðlimir ganga til liðs við þá eða þegar eldri skátar færast upp um aldursstig.


Þeim sem vilja sjá árangur strax gæti þótt lítið varið í yfirvegaða þolinmæðisvinnu sveitarforingjans við mótun skátasveitarinnar. Ekkert kemur þó í staðinn fyrir uppbyggingarstarfið og þeir sem eru staðfastir og þrautseigir munu njóta góðs af því síðar. Að byggja upp nýja skátasveit eða efla starf gamallar sveitar krefst þrautseigju því þess háttar verk er ekki bara eitthvað sem gert er „í eitt skipti fyrir öll“.

Slíkt verk er í raun langtímaverkefni – því alltaf má gott bæta.

Því hefur verið haldið fram að fullkominn skilningur á skátaaðferðinni sé mikilvægur svo árangur náist í því viðvarandi ferli sem uppbyggingin er. Annars gæti skátastarfið auðveldlega þróast í ranga átt. Það er óttinn við slíka þróun sem fær stjórnir skátafélaga og jafnvel landssamtakanna stundum til að breyta aðferðafræði skátastarfsins og uppbyggingu dagskrárinnar með stífum reglum og reglugerðum um hvað megi eða megi ekki gera. Þannig starfsumhverfi fælir foringja frá, þreytir unglinga og hamlar frelsi til nýsköpunar, auk þess sem sveitin á þá á hættu að staðna.

Þar af leiðandi er efling skátastarfsins fyrsta ábyrgðarhlutverk foringjaflokksins og verk-efnið er viðvarandi. Til að vinna það vel er nauðsynlegt að:

- Skilja skátaaðferðina í heild sinni.
- Meta raunverulegar aðstæður í umhverfinu svo hægt sé að aðlagast þeim á árangursríkan hátt.
- Þekkja skátana í sveitinni svo að hægt sé að fella alla þætti skátaaðferðarinnar inn í starfið.



Sveitarfóringjar gæta hugsjónarinnar sem felst í markmiðum skátahreyfingarinnar



Unglingarnir ganga í skátana vegna þess að þeir heillast af ævintýrinu sem felst í því að kanna ný svið og nema nýjar lendur í vinnahópi. Þegar þeir upplifa ævintýrin í flokks- og sveitarstarfinu er þroskaferlið eðlileg afleiðing en það er einmitt aðalmarkmiðið með skátastarfinu.

Við vitum nú þegar að starfið í skátasveitinni ber árangur ef allir þættir skátaaðferðarinnar eru notaðir. Gæði skátastarfsins er á ábyrgð skátasveitarinnar, þar sem hún leggur grunninn að merkingu þess sem gert er og hvernig það er framkvæmt.

Að segja að skátasveitin sé ábyrg fyrir skátastarfinu jafngildir því að segja að sveitarfóringjarnir séu ábyrgir, því það eru þeir sem gegna uppeldishlutverkinu. Enginn annar skáti sveitarinnar getur tekið að sér þetta verkefni. Þess vegna segjum við að sveitarfóringjarnir séu verndarar markmiða skátastarfsins.

Það að tryggja að markmiðunum sé fylgt þýðir ekki að það eigi að boða markmiðin eins og fagnaðareriði eða að láta skátana þylja þau upp í sífellu. Slíkt væri bæði tilgangslaust og leiðinlegt. Að gæta markmiðanna tákna að hafa umsjón með því að allir þættir skátaaðferðarinnar séu nýttir til fulls og að kjöraðstæður séu skapaðar fyrir skátastarfið.

Sveitarfóringjar geta ekki eingöngu lagt fyrir skátana verkefni sem þeim þóknast hverju sinni eða þjappað allri útiveru saman í nokkrar dagferðir vegna þess að þeim þykir ekki gaman að fara í útilegur eða hafa ekki tíma fyrir þær.

Að gæta markmiðanna þýðir líka að sveitarfóringjarnir þurfa að sýna gott fordæmi. Enginn skátafóringi trúir því að skátalögin eigi einungis við um börn og unglina.

Sveitarfóringjar vísa leiðina að framtíðarsýninni

Í 5. kafla var minnst á að *framtíðarsýnin* – sem kemur fram í árlegum markmiðum sveitarinnar – er sýn skátasveitarinnar á eigin framtíð. Það hefur líka verið minnst á að þegar framtíðarsýn er deilt með öðrum verður hún mjög áhrifamikil og kraftmikil afl. Þessi sameiginlega sýn skapar jákvæð tengsl sem gefa sveitinni orku og stöðugleika.

Framtíðarsýnin vex og breiðir úr sér og verður nokkurs konar „sjálfseflingarspírall“ samskipta og orku. Því meira sem við tölum um framtíðarsýnina og því fleira fólk sem aðhyllist hana þeim mun skýrari verður hún og eldmóðurinn vex. Fyrstu skrefin í átt að framtíðarsýninni kynda undir áhugann.

Að koma á nýrri framtíðarsýn gerist ekki sjálfkrafa og er háð ákveðnum takmörkunum:

- Þegar nýir skátar bætast í sveitina, þegar skipt er um foringja eða fleiri hugmyndir um framtíðarsýnina bætast við, verður stefnan óljósari og slíkt getur skapað árekstra. Sveitarforingjarnir og skátarnir í flokkunum velta fyrir sér hvort ekki sé hægt að breyta hinni sameiginlegu framtíðarsýn og samræma leiðir að settu markmiði.
- Ef við tökum ekki tillit til ólíkra sjónarmiða hægir á ferlinu við að koma á sameiginlegri framtíðarsýn. Slíkt veldur árekstrum sem leiðir til þess að skátarnir „samþykkja“ hópákvarðanir fremur en að „sameinast“ um þær. Besta leiðin er að skoða þessar ólíku hugmyndir, gefa þeim rými og leyfa sameiginlegri framtíðarsýn að vaxa eða dýpka með því að reyna að sætta og samræma mismunandi sjónarmið.
- Bil sem fólk skynjar milli raunveruleikans og framtíðarsýnarinnar er annar takmarkandi þáttur. Sveitaráðið gæti látið hugfallast vegna þeirra erfiðleika sem oft fylgja því að gera framtíðarsýnina að veruleika. Sveitarforingjarnir verða því að efla getu einstaklingsins til að fyrirbyggja að hann missi sjónar á framtíðarsýninni.
- Framtíðarsýnin getur líka fjarað út þegar foringjarnir missa móðinn vegna hversdagslegra skylduverkefna. Í þeim tilfellum verða foringjarnir að nota minni tíma í vanabundin verkefni og einbeita sér frekar að samræðum um verkefni framtíðarinnar.

Í öllum þessum tilvikum starfa sveitarforingjarnir sem „verndarar“ framtíðarsýnarinnar. Þeir sjá um að hún styrkist og takist á við það sem ógnar framþróun hennar. Ef foringjarnir vanrækja framtíðarsýnina eiga þeir á hættu að flokkarnir gleymi sameiginlegum tengslum sínum, skátarnir fari að reka áróður fyrir sínum persónulegu skoðunum og að starfið verði einhæft eða venjubundið.

Til þess að geta framfylgt hlutverki sínu sem verndarar framtíðarsýnarinnar verða sveitarforingjarnir að tryggja að þeir missi aldrei sjónar á *tilgangi* skátastarfsins. Þessi sögulegi tilgangur skýrir af hverju við gerum það sem við gerum, hvernig sveitin þarf að þróast og að þróunin er hluti af stærra samhengi. Þetta færir framtíðarsýninni dýpt og skapar sjóndeildarhring þar sem draumar og persónuleg markmið verða mikilvægar vörður á lengri leið.

Sögulegi tilgangurinn er ekki eingöngu upprunninn frá alþjóðlegum gildum skátahreyfingarinnar. Aðrir þættir hans fela í sér: Sögu skátafélagsins sem sveitin tilheyrir, tíðarandann sem starfað er í, sorgir og sigrar í fortíðinni. Einnig „goðsagnirnar“ sem ganga manna á milli og fjalla um blómaskeið sveitarinnar eða skátafélagsins og ýmslegt annað sem er mikilvægt. Sögulegi tilgangurinn hvetur til dáða og viðheldur stöðugleika sveitarinnar.

Sveitarforingjar hvetja

Með góðu fordæmi og samtölum við unglingana, hvetja sveitarforingjarnir þá til að breyta hegðun sinni á ákveðinn hátt og kveikja hjá þeim áhuga fyrir sameiginlegri framtíðarsýn sveitarinnar, að kanna ný svið, að styrkja flokkana, vinna að verkefnum og þroska eigin persónuleika.

Með því að eiga innihaldsrík og gefandi samskipti við skátana gefst okkur tækifæri til að deila skoðunum og mynda hughrif sem leiða á endanum til samlyndis og eindrægni og hvetur þá til að standa saman.





Þegar kemur að vali verkefna þurfa foringjar að vera mjög hvetjandi. Unglingarnir koma með tillögur að verkefnum fyrir sveitina eða flokkinn. Oft þurfa foringjarnir að örva ímyndunarafli þeirra, lauma að þeim hugmyndum, hvetja til frumkvæðis og viðhalda áhuga þeirra svo verkefnið verði heillandi, ævintýralegt og spennandi. Þetta þurfa foringjarnir að gera með því að halda sig sem mest til hlés og láta unglungunum eftir stjórnina, en vera samt til staðar þegar þeirra er þörf. Það gagnast foringjunum lítið að vera sérfræðingar í skátaaðferðinni og atferli unglunga ef þeir hafa ekki þróað með sér hæfileikan til að hvetja þá til athafna.

Hvatning er nauðsynleg. Hún hjálpar skátunum við að uppgötva á eigin spýtur og veitir þeim skilning til að velja og hafna.

Til þess að úr verði ósvikið samband verður það að vera laust við alla tilhneigingu sveitarforingja til að þröngva eigin skoðunum upp á skátana. Foringjar þurfa að hvetja án þess að stjórna eða skapa hjarðhegðun. Að hvetja án þess að ráðskast með eða leggja tilfinningalegar gildir í tilboðin sem gerir skátunum ókleift að hafna þeim.

Líbanska skáldið Kahlil Gibran hefur fangað hugmynd sem lýsir því vel hvernig sveitarforingi getur verið hvetjandi. Í umfjöllun sinni um foreldra og börn leggur hann sérstakan skilning í það að bera *ábyrgð án eignarhalds*:

Börn ykkar eru ekki börn ykkar.
Þau eru synir og dætur lífsins og eiga sér sínar eigin langanir.
Þið eruð farvegur þeirra, en þau koma ekki frá ykkur.
Og þó að þau séu hjá ykkur, heyra þau ykkur ekki til.
Þið megið gefa þeim ást ykkar, en ekki hugsanir ykkar,
þau eiga sér sínar hugsanir.
Þið megið hýsa líkama þeirra, en ekki sálir þeirra,
því að sálir þeirra búa í húsi framtíðarinnar,
sem þið getið ekki heimsótt,
jafnvel ekki í draumi.
Þið megið reyna að líkjast þeim, en ekki gera þau lík ykkur.
Því að lífið fer ekki afturábak og verður ekki grafið í gróf gærdagsins.
Þið eruð boginn sem börnum ykkar er skotið af eins og lifandi örvum.
En mark bogmannsins er á vegi eilífðarinnar,
og hann beygir ykkur með afli sínu,
svo að örvar hans fljúgi hratt og langt.
Látið sveigjuna í hendi bogmannsins vera hamingju ykkar,
því að eins og hann elskar örina, sem flýgur,
eins elskar hann bogann í hendi sér.

(Gunnar Dal - þýddi.)

Verkefni sveitarforingja er að hvetja skátana til dáða

Hvatning er eitt af mikilvægustu verkum foringja í starfi hans með unglingum, en hvatning er ekki nóg. Markmið með hvatningu er að efla unglinga til sjálfstæðis í hugsun, orðum og verkum.

Valkostir skátanna koma fram á mismunandi stigum:

- Sumir valkostir höfða til hópsins alls, eins og sameiginleg framtíðarsýn sveitarinnar. Þá tengja unglingarnir persónulega framtíðarsýn sína við þá sameiginlegu framtíðarsýn sem skátarnir ræða og samþykkja á sveitarþinginu.
- Aðrir valkostir eru persónulegir eins og til dæmis *hvenær á að vinna skátaheitið*, sem felur í sér loforðið um að reyna að halda skátalögin. Þetta er lyklatríði í þátttöku hvers barns eða unglings í skátastarfi.



Annað atriði af þessu tagi eru *áfangamarkmiðin sem hjálpa unglingnum að þroskast sem manneskja*. Skátaaðferðin býður unglingum upp á fjölda smárra áfangamarkmiða sem byggjast á gildum skátahreyfingarinnar og ná yfir öll svið persónuleikans. Skátarnir setja sér með eigin orðum persónulegar áskoranir gagnvart hverju áfangamarkmiði eftir að hafa ráðfært sig við flokksfélaga sína og umsjónarforingjann sem fylgist með framförum þeirra. Nánar verður farið í þessi atriði þegar fjallað verður um áfangamarkmiðin.

Unglingarnir ræða einnig möguleika sem þeim bjóðast í sveitarstarfinu eins og til dæmis verkefnin sem þeir framkvæma. Slík umræða fer fram innan flokksins og svo á sveitarþingum.

Skátaaðferðin byggir á stöðugri hvatningu til skátanna um að þjálfa getu sína, velja úr tilboðum og tillögum og taka ákvarðanir. Ákvarðanir eins og í hvaða flokk þeir eiga að ganga, hvern eigi að kjósa sem flokksforingja, hvaða verkefni eigi að framkvæma í flokks- og sveitarstarfinu og hvaða sérkunnáttumerkjum hver og einn sækist eftir. Þegar ákvörðun hefur verið tekin reynir sveitarforingjinn að fá skátana til að gera valið og áhugann að skuldbindingu. Þeir reyna að tengja valið viljanum til góðra verka og styrkja ábyrgðartilfinninguna sem hvetur skátana til að leggja sitt af mörkum til að ljúka verki.

Sveitarforingjarnir hjálpa skátunum að standa við ákvarðanir sínar með því að ítreka mikilvægi og *merkingu* þess sem þeir hafa valið. Ekki er líklegt að fólk sé tilbúið til að skuldbinda sig merkingarlausu starfi – í besta falli má búast við að fólk sætti sig við það.

Að lokum felur orðið skuldbinding óbeint í sér gagnkvæmni í samskiptum... „Saman í leiðangri“ vísar einmitt til þessarar gagnkvæmni. Skátaforingi er ekki atvinnuráðgjafi sem getur staðið utan við þá skuldbindingu sem hann leggur til. Þvert á móti; að bjóða einhverjum að skuldbinda sig í skátastarfi þýðir að sá sem það býður tekur sér það einnig á hendur.

Sveitarfóringjar gegna uppeldishlutverki

Það er meginhlutverk sveitarfóringja og það mikilvægasta en það verður ekki skilið frá öðrum hlutverkum. Auk þess að vera uppeldur og leiðbeinendur þurfa skátafóringjar að byggja upp sveitarstarfið, standa vörð um markmið skátahreyfingarinnar, stjórna framtíðarsýn sveitarinnar, hvetja og aðstoða skátana til að standa við ákvarðanir sínar og skuldbindingar.

Uppbyggjandi nám á sér ekki stað í veikri skátasveit þar sem atburðarásin er trufluð á fimm mínútna fresti vegna þess að hlutirnir hafa ekki verið hugsaðir til enda eða gerðir almennilega. Lítið lærist í skátasveit sem skortir tilgang og uppeldisaðstæður fyrir skáta-starfið. Samverkan allra þátta skátaaðferðarinnar er nauðsynleg til að ná árangri. Uppeldisaðferð skáta virkar ekki nema við mótum framtíðarsýn í sameiningu. Á sama hátt læra unglingarnir fátt sem máli skiptir ef þeir eru ekki hvattir áfram eða vinna ekki sjálfviljugir að persónulegum þroska sínum. Skátafóringinn sinnir því uppeldishlutverki samhliða öllum hinum hlutverkunum.

Þegar flokkur var skilgreindur sem lærdómssamfélag var því haldið fram að allt nám væri breytingaferli.

Hvernig tengist skátauppeldi og skátafræðsla námi sem breytingaferli?

Þátttaka og eftirvænting eru tvö grundvallaratriði þess að læra með skátaaðferðinni.

- *Þátttaka* er valfrjál og í þessu samhengi er litið á hana sem örvun til samvinnu og samtals milli unglunga í sameiginlegu flokks- eða sveitarstarfi, þar sem þeir læra hver fyrir sig og sem hópur.
- *Eftirvænting* felur í sér framtíðarsýn. Hún getur bæði verið sameiginleg en einnig einstaklingsbundin og beinist að því að ná ákveðnum persónulegum markmiðum.

Lærdómur af þessu tagi leiðir af sér bæði samvinnu og sjálfsstæði, sem eru tvær hliðar á sama peningi. Með *samvinnu* lærir unglingurinn að lifa í samfélagi og með *sjálfstæði* lærir hann eða hún að skilja á milli sín og annarra, með persónulegum markmiðum sem stuðla að aukinni lífsfyllingu.

Ólíkt því sem nefna má hefðbundnar námsaðferðir, sem miða aðallega að því að fólk lagi sig að umhverfi sínu og sé búíð undir að finna lausn á þekktum aðstæðum, snýst skátauppeldi um breytingar, endurnýjun, endurskipulagningu og nýja sýn á mál. Unglingarnir eru búnir undir að starfa við síbreytilegar aðstæður í heimi sem breytist stöðugt. Þar af leiðandi er náið samband milli breytinga og uppeldisaðferða í skátastarfi.

Með því að koma á slíkum kennsluáðferðum, byggir skátafóringinn upp spennu milli raunveruleika og framtíðarsýnar. Sú spennan hvetur skátann til að fylgja sýninni um áhugaverða framtíð og betri tilveru.

Þessi jákvæða spenna er til staðar í öllu því sem tengist þróunarferli mannkyns. Hvorki verða breytingar til framþróunar né mótast ný framtíðarsýn ef markmiðin eru ekki skýr. Ef skortir framtíðarsýn, hvert mun breytingin þá leiða okkur?

Á fjölda fundi um borgararéttindi við minnisvarða Abrahams Lincoln í Washington þann 28. ágúst 1963, hóf Martin Luther King sögulega ræðu sína á orðunum „Ég á mér draum.“ Hann sagði frá hugsjón sinni um það jafnréttissinnaða samfélag sem hann dreymdi um. Spennan sem King skapaði milli raunveruleika þess tíma og draumsins sem hann deildi með þjóðinni og í raun heiminum öllum leiddi til þess að ríkisstjórn Bandaríkjanna sendi frá sér borgararéttindasáttmála sem færði kynþátta- og minnihlutahópum aukin réttindi árið 1964.

Sveitarforingjar skapa þessa jákvæðu spennu hjá unglingum til þess að sýna þeim hvernig framtíðin getur orðið. Eða eins og Martin Luther King orðaði það: „Þetta snýst um að gera umfjöllunarefnið nógu dramatískt svo ekki sé lengur hægt að leiða það hjá sér.“ Að leiðbeina er að veita persónulegum þroska athygli og virða mikilvægi hans. Að leiðbeina er að vísa veginn til framtíðar, fylgja unglingum í áttina að því sem þeir geta orðið og vilja verða. Að kynna þeim þau gildi sem mikilvæg eru þegar til framtíðar er litið og til að vera virk í samfélaginu.

Með því að skapa þessa jákvæðu spennu hjá unglingunum, sáir sveitarforingi í huga þeirra fræjum sem dafna og gera þá færa um að halda óstuddir á vit framtíðardrauma sinna. Það er engin ástæða til að beita þá þrýstingi – heldur bara fylgja þeim. Að þessu leyti er hlutverk sveitarforingja að örva unglunga til framfara innan þess ramma sem skapaður hefur verið að hluta til fyrir þeirra eigin verknað.

Ef sveitarforingjarnir eiga að leiðbeina og skapa eftirvæntingu og jákvæða spennu milli nútíðar og framtíðar, má foringjaflokkurinn ekki aðeins vera samsettur af fólki sem er nánast á sama aldri og skátarnir. Í hópnum verða að vera fullorðnir einstaklingar á mismunandi aldri sem hafa nægilegan þroska og reynslu af lífinu til að gefa skátunum innsýn í það sem þeir eiga í vændum.

Ef foringjaflokkurinn er hins vegar eingöngu samsettur af eldri foringjum, gæti orðið minni kraftur í starfinu og erfitt að koma á jafningjasambandi við unglingana. Það er því ráðlegt að mynda foringjaflokk sem er samsettur af einstaklingum á ólíkum aldri til að skapa jafnvægi milli þeirra mismunandi hæfileika sem þörf er fyrir.

SKÁTAFORINGJAR SEM LEIÐBEINENDUR

Nokkur frumskilyrði

Til að vera færir um að sinna hlutverki sínu, verða sveitarforingjar að hafa öðlast ákveðnar forsendur eða grundvallarþekkingu á uppeldi og menntun sem gerir þeim kleift að sýna ábyrgð í því starfi sem lýst hefur verið hér að framan.



Að þekkinga unglíngana

Þekking skátaforingja á unglíngum ætti að vera tvíþætt. Annars vegar þekking á þeim almennu eiginleikum sem spanna öll svið persónuleika unglíngna á aldrinum 13–15 ára. Hins vegar sérstök og einstaklingsbundin þekking á hverjum unglíngi fyrir sig, þekking sem byggist á ótal atriðum úr lífi hans eða hennar, fjölskyldu, umhverfi og bakgrunni.



Að vera fær um að stofna til tilfinningasambanda

Hluttekning byggist á hæfileikanum til að skynja tilfinningar annarra. Með því að „setja sjálfan sig í annarra spor“ öðlast einstaklingur skilning á tilfinningum og líðan annarrar manneskju.

Tengsl fólks sem byggjast á tilfinningum og hluttekningu krefjast umfram allt tíma og vilja til að hlusta. Þau krefjast líka ákveðins þroska og persónulegs jafnvægis til að skilja og meta það sem hlustað er á. Þau krefjast hæfileika til að sýna alúð, stjórna kvíða og að leyfa hinni manneskjunni að taka frumkvæðið.

Að setja sig í spor unglíngna felur líka í sér að deila með þeim hæfileikanum til að hrifast af hlutum, „komast í stemninguna“, og hafa yndi af þeim könnunaranda sem veitir sveitinni innblástur. Þessi hæfileiki er nauðsynlegur til þess að hægt sé að taka þátt í leik án þess að missa stöðu hins fullorðna í hópnum og án þess að verða einn eða ein af unglíngahópnum. Með því að taka þátt í ævintýrinu, hjálpar foringinn þeim að koma auga á atriði sem þau hefðu annars kannski misst af.

Að setja sig í spor unglíngna þýðir að leyfa þeim að taka sér þann tíma sem þeir þarfnast til að ná framförum. Sveitarforingi verður að streitast á móti eigin óþolinmæði, ergelsi og ýtni eða þeirri tilfinningu að hafa mistekist. Hann eða hún verður að vera viljug til að byrja upp á nýtt og reyna að gera betur. Eins og áður hefur komið fram verður foringi að vita hvernig hann eigi að *láta sig hverfa* þegar hans er ekki þörf og vera tilbúinn að *birtast aftur* á réttu augnabliki.

Að vera fús til að læra og þroskast sem manneskja

Í lærdómsmiðuðu kerfi eins og skátaaðferðinni ættu þeir sem stjórna ferðinni að vera fyrstir til að sýna námsvilja. Sem betur fer hættum við aldrei að læra og lífið býður okkur upp á endalaus tækifæri til þess. Það er því að stærstum hluta undir okkur sjálfum komið hvort við lærum, töpum niður kunnáttu eða endurmenntum okkur og hugsam um verkefni okkar á gagnrýnninn hátt.

Sveitarforinginn heldur stöðugt áfram að læra af umgengni og samskiptum við skátana í sveitinni, aðra foringja og foreldra skátanna. Hann eða hún getur sótt endurmenntun í námskeið á vegum BÍS, með lestri bóka, m.a. um uppeldi og menntun, og með því einfaldlega að læra af eigin reynslu. Slíkt nám eflir líka hæfileika okkar til að deila hugmyndum, hlusta, samræma og vinna verkin vel. Þannig þroskast sveitarforinginn sem manneskja, það gagnast ekki eingöngu skátunum í sveitinni heldur líka foringjanum sjálfum.



Að vita hvernig á að stjórna verkefnum og meta þau

Þegar fjallað var um hvatningarhlutverk sveitarforingja var nefnt að hann eða hún þyrfti að hvetja ungmenni til að taka frumkvæði við skipulagningu verkefna. Sveitarforinginn verður einnig að vera fær um að stjórna sjálfur og meta starf skátanna í samvinnu við þá. Slíkt krefst skipulags- og greiningarhæfileika.

Það eru ekki eingöngu þessir hæfileikar sem foringi þarf að búa yfir. Hún eða hann þarf líka að hafa vilja og hæfileika til að hjálpa öðrum, til að skipuleggja eigin gerðir, stjórna og meta starfið á sjálfstæðan hátt. Það felur í sér að læra að halda viðleitni skátanna gangandi, en virkja um leið getu einstaklingsins og liðsheildarinnar svo hún verði smátt og smátt sjálfstæðari.

Að hjálpa öðrum að vaxa og þroskast



Verkefni sem skátarnir inna af hendi færa þeim persónulega reynslu. Með tímanum leiðir hún til þess að þeir ná áfangamarkmiðum sínum og eigin áskorunum. Ferlið er þó hvorki sjálfvirkt né ómeðvitað. Unglingur þarf á samræðum og uppörvun að halda. Hann eða hún þarf félagsskap og stuðning flokksins, fjölskyldunnar og sveitarforingjanna.

Þetta þýðir að sveitarforingjarnir þurfa að hjálpa skátunum með mörg verkefni. Til dæmis við að setja sér persónulegar áskoranir, viðhalda tilraunum sínum við að ná þeim, vita hvernig á að samþykkja og viðurkenna bæði mistök og framfarir, umbera misbresti og efla viljann til að byrja upp á nýtt. Í stuttu máli þarf sveitarforingi að hafa ákveðið viðhorf og hæfileika sem auðveldar skátunum að viðurkenna og samþykkja hann eða hana sem verðugan viðmælanda sem virðir persónuþroska þeirra.

Augljóslega kallar þetta líka á persónulegan þroska foringjans.

Að tengjast og taka þátt í samfélaginu

Þegar fjallað var um skátaflokkinn var því haldið fram að skátarnir gætu ekki lært mikið einangraðir frá umheiminum, en að skátastarfið gæfi þeim tækifæri til að taka þátt í nærsamfélaginu, sýna áhuga á hinu víðara samfélagi og þeim alþjóðavædda heimi sem við búum í nú á dögum.



Sveitarforingjarnir, sem eru fyrirmyndir skátanna, verða að setja þeim fordæmi á þessu sviði. Hvernig getum við ætlast til þess að unglingarnir sýni heiminum áhuga og gegni uppbyggilegum hlutverkum í samfélaginu ef foringjarnir sjálfir eru ekki virkir samfélagsþegnar?

Fólk, sem hefur ekki þroskast sem skyldi og notar foringjastöðu sína í skátunum sem leið til að bæta upp óleyst persónuleg vandamál, hefur ekkert að bjóða skátunum. Ekki heldur fólk sem forðast skuldbindingar sem byggja upp og bæta samfélagið. Ennþá síður hentar hlutverk skátaforingja því fólki sem er óvirkt í samfélaginu eða þeim sem flýja ábyrgð sína og leitar hugsanlega skjóls í verndandi umhverfi skátahreyfingarinnar.

Að vinna sem liðsheild

Liðsheild á við hóp þar sem hegðun og atferli einnar manneskju er undir áhrifum hegðunar og atferlis annarra í hópnum. Þegar tveir eða fleiri sameina krafta sína koma þeir af stað *samvirkni* sem verður til þess að afköstin eflast og árangur verður meiri en samanlagður árangur tveggja einstaklinga.

Kraftur liðsheildarinnar er kjarni skátaaðferðarinnar. Skátaforingi verður því að vera fær um að vinna með öðrum, miðla persónulegum hæfileikum sínum og samþykkja og meta framlag annarra.

Að vinna sem ein heild er ekki eingöngu að vinna við hlið annarra, heldur að vinna með öðrum af einlægni. Þetta krefst getu til að takast á við ágreining á jákvæðan hátt og að lokum færni til að beina sjónarmiðum einstaklinganna í hópnum í sömu átt.

Að gefa sér tíma

Að vera sveitarforingi í skátasveit krefst tíma. Sá tími þarf að vera „gæðatími“ sem veittur er af fúsum vilja. Skátaforingi þarf að leggja sig allan fram á meðan hann sinnir foringjastarfinu. Þannig getur hann miðlað sínu besta án þess að lenda í tímahraki eða vinna óundirbúið.

Sveitarforingi ætti helst að skuldbinda sig til að gegna foringjastarfinu í fyrirfram ákveðinn tíma, helst ekki skemur en í þrjú ár. Þannig verður vinnan samfelld heild, skapar augljósan árangur og auðveldar betra eftirlit með persónulegum þroska skátanna sem hún eða hann hefur umsjón með. Þannig fær foringinn líka meira persónulega út úr starfinu með skátunum og nýtur þess betur.

Traustur foringjaflokkur skapar skátasveitinni stöðugleika.

Að skynja áhættu og stýra forvörnum

Eins og öll mannleg viðfangsefni, búa verkefni sveitarinnar yfir ákveðnum þáttum óvissu og áhættu. Á þetta sérstaklega við aðstæður eins og í skátastarfi sem byggist á trausti og hvetur skátana til að læra með ákveðnu athafnafrelsi. Utan hefðbundinna takmarkana verða unglingar vissulega sjálfstæðari, en það þýðir ekki að þeir hafi nægilega sjálfstjórn til að ráða fullkomlega við frelsið. Ekki kemur til greina undir neinum kringumstæðum að gera tilraunir með vafasömum aðferðum sem fela í sér líkamlega og jafnvel lífshættulega áhættu.

Sveitarforingjar verða að gefa sér tíma til að huga að og koma auga á hugsanlega áhættu í verkefnum, lágmarka áhættuhegðun og skapa skýr mörk.

Sveitarforingjar þurfa að skilgreina mörk nákvæmlega til þess að lágmarka alla áhættu. Til að svo geti orðið þurfa þeir að leiðbeina skátunum og gera þá færa um að átta sig á og hafa stjórn á áhættunni sem og virða mörkin sem sett eru.

Baden-Powell sagði um skátaforingja að „...setja ætti hann eða hana í hlutverk eldri bróður eða systur til að sjá hlutina frá sjónarhorni unglínganna og til að stýra, leiðbeina og beina áhuga þeirra í rétta átt.“
(*Aids to Scoutmastership, 1919*)



Það er erfitt að finna betri myndlíkingu en „eldri bróður eða systur“ sem tákmynd fyrir uppeldishlutverk skátaforingja; að hvetja til ævintýramennsku, setja fordæmi með gildum og styðja við þroskann.

Stóra systir og stóri bróðir taka þátt í ævintýrum yngri systkina án þess að láta barnalega og þau hafa þann eiginleika að geta dregið úr eigin styrk svo að hin yngri fái tækifæri til að þroskast og eflast. Eldri systkini vilja allt það besta þeim yngri til handa og í leik leiðbeina þau sem eldri eru, vernda og leiðrétta án þess að refsa. Stóri bróðir og stóra systir eru líka dáðar fyrirmyndir. Þau yngri þrá að lenda í ævintýrum með þeim, elska þau, virða það sem þau segja og geta opnað hjarta sitt fyrir þeim.

Við megum aldrei gleyma því að börn og ungmenni ganga ekki í skátahreyfinguna til að læra ákveðið námsefni eða til að fá einkunnir – til þess fara þau í skóla. Þau koma ekki

til að fá trúarlega tilsögn – til þess eru kirkjur og trúfélög. Þau ganga ekki í sveitina til að verða keppnismanneskjur í íþróttum – til þess ganga þau í íþróttafélög. Þau koma ekki til að lúta ströngum aga eða hlýða fyrirskipunum – ef svo væri kysu þau sennilega karate eða aðrar austurlenskar sjálfsvarnariþróttir.

Þetta er ástæðan fyrir því að Baden-Powell sagði að hlutverk skátafóringja væri ekki það sama og kennara, foreldra, presta eða íþróttabjálfa. Það er miklu skyldara því að vera stóra systir eða stóri bróðir.

Fólk sem vinnur með unglingum ber ekki eingöngu uppeldislega ábyrgð. Því ber einnig lagaleg skylda til að virða réttindi þeirra og skyldur.

Ungir skátar eru ólöggráða og hafa réttindi sem verður að virða. Hver sem brýtur á þessum réttindum eða vanvirðir þau á einhvern hátt verður að taka fulla lagalega ábyrgð á gjörðum sínum. Þess vegna verða sveitafoingjar að hafa náð að minnsta kosti 18 ára aldri.

Um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi gilda sérstök lög frá Alþingi (Æskulýðslög nr. 70/2007). Þar segir meðal annars að miða skuli við að „þeir sem starfa með eða hafi umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins“.

Áður en einstaklingur fær að gerast sveitafoingji ætti hann að standast fullnægjandi skoðun um: a) andlega heilsu, b) tilfinningalegt jafnvægi, c) viðeigandi siðferði, d) skapstjórn, e) vera laus við einræðistilburði, f) sýna öðrum virðingarverða og nærgætna framkomu, sérstaklega börnum og unglingum..

Að gæta vel að persónuverndarsjónarmiðum

Sveitafoingjar verða að hafa hugfast að þeir eru ábyrgir fyrir skátunum í sveitinni, uppeldi þeirra og velferð í skátastarfinu.

Þeir þurfa að afla ýmissa upplýsinga um skátana, svo sem um foreldra þeirra, systkini, heimili, jafnvel um afa og ömmur og að sjálfsögðu um langvarandi sjúkdóma barnanna eins og ofnæmi, sykursýki o.s.frv.

Slíkar upplýsingar þarf að skrá svo þær séu tiltækar þegar á þarf að halda, þar á meðal heimilisföng, símanúmer og netföng.

Persónulegum upplýsingum má ekki dreifa til annarra og gæta þarf þess að þær séu geymdar þar sem óviðkomandi eiga ekki aðgang. Sjálfsagt er að eyða öllum viðkvæmum upplýsingum ef skátinn hættir í skátasveitinni eða skátafélaginu. Í gildi eru sérstök lög frá Alþingi um persónuvernd og meðferð persónulegra upplýsinga (Lög nr. 77/2000). Þeim ber skátafoingjum, eins og öðrum, að fara eftir.



Margar fagstéttir sem vinna með einstaklingum, t.d. í heilbrigðis-, dóms- og menntakerfinu, hafa sett sér siðareglur og þurfa að skrifa undir ákvæði um þagnarskyldu hvað varðar persónulegar upplýsingar um sjúklinga, nemendur eða aðra skjólstæðinga. Þó að skátahreyfingin sé ekki opinber stofnun í lagalegum skilningi þess orðs rekur hún opinberlega uppeldisstarf fyrir börn og ungmenni og þess vegna þurfa skátafoingjar að gæta vel að þagnarskyldu sinni varðandi persónulegar upplýsingar og trúnaðaskyldu gagnvart skátunum og foreldrum þeirra.

Að vernda börn og ungmenni fyrir hvers kyns ofbeldi, einelti eða misbeitingu valds

Skátaforingjar þurfa alltaf að vera á varðbergi gagnvart því að börn og ungmenni verði ekki fyrir ofbeldi, einelti eða annarri misbeitingu valds.

Samkvæmt Barnaverndarlögum (Lög nr. 80/2002) er „hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd“. Þá er í lögnum bent á sérstakar skyldur þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af málefnum barna. Skátahreyfingin lítur svo á að ákvæði þetta eigi við alla skátaforingja. Skátastarf er fyrst og fremst uppeldisstarf og ungmenni þurfa að eiga bæði öryggi og skjól innan vébanda skátahreyfingarinnar.

Telji sveitarforingi ástæðu til að hafa samband við barnaverndaryfirvöld ætti hún eða hann að leita aðstoðar hjá stjórn viðkomandi skátafélags og starfsmönnum BÍS sem starfa eftir sérstakri aðgerðaáætlun um viðbrögð við slíkum málum.

